

Alpingi
 Erindi nr. P 132/333
 komudagur 30.11.2005

	B _i	B _{sb}
Nautgr.	32.7	46.7
Sautfi	17.5	21.9
Hoas	1.9	1.9
Svin	1.3	0.9
Alif.	1.9	1.3
Eggr	1.1	0.7
Kart.+ropur	^{Röpu} 1.1 ^{0.2}	0.3 ^{0.06}
Jrenn.	5.1	1.4
Gravara	1.1	0.3
Efard.	0.5	0.1
Skoguraf	0.3	0.08
	65 m.kt.	76 m.kt.

TAFLA 2 Skipting Búnaðargjalds samkvæmt uppgjöri 2003.
Gjald skv. tillögu = Breytt

			Breytt	
Bændasamtök Íslands	74.890.592	19,15	65.304.169	27,83
Búnaðarsambönd	85.214.022	21,79	76.446.467	32,58
Búgreinasambönd	50.981.092	13,04	66.711.663	28,43
Bjargráðasjóður	38.105.365	9,74	26.187.648	11,16
Lánasjóður	141.892.175	36,28	0	0,0000
	<u>391.083.246</u>	<u>100,00</u>	<u>234.649.947</u>	<u>100,00</u>

			Breytt	
Bsb. Kjalarnesþings	5.791.358	6,80	3.716.183	4,86
Bst. Vesturlands	10.012.040	11,75	9.582.078	12,53
Bsb. Vestfjarða	2.716.521	3,19	2.589.875	3,39
Bsb. Strandamanna	1.416.106	1,66	1.393.690	1,82
Bsb. V-Húnavetninga	2.580.130	3,03	2.531.247	3,31
Bsb. A-Húnavetninga	3.487.954	4,09	3.428.753	4,49
Bsb. Skagfirðinga	6.801.534	7,98	6.664.589	8,72
Bsb. Eyjafjarðar	10.046.915	11,79	9.608.838	12,57
Bsb. S-Þingeyinga	4.605.146	5,41	4.477.552	5,86
Bsb. N-Þingeyinga	1.474.149	1,73	1.338.811	1,75
Bsb. Austurlands	5.421.738	6,36	5.297.538	6,93
Bsb. A-Skaftafellssýslu	1.919.758	2,25	1.721.500	2,25
Bsb. Suðurlands	28.940.672	33,96	24.095.813	31,52
	<u>85.214.021</u>	<u>100,00</u>	<u>76.446.467</u>	<u>100,00</u>

			Breytt	
Lsb. kúabænda	9.333.170	18,31	27.999.511	41,97
Lsb. sauðfjárbænda	6.570.480	12,89	6.570.480	9,85
Félag hrossabænda	2.543.436	4,99	1.618.550	2,43
Svínaræktarfélag Íslands	7.600.186	14,91	5.811.907	8,71
Félag kjúklingabænda	2.545.108	4,99	2.545.108	3,82
Félag eggjaframleiðenda	6.783.907	13,30	5.653.256	8,47
Félag kartöflubænda	1.375.221	2,70	1.833.627	2,75
Félag gulrófnabænda	250.649	0,49	334.198	0,50
Samband garðyrkjubænda	10.869.769	21,32	10.869.769	16,29
SÍL	1.636.515	3,21	1.909.267	2,86
Æðarræktarfélag Íslands	597.497	1,17	730.274	1,09
Lsb. skógareigenda	631.024	1,24	591.585	0,89
Annað	244.131	0,48	244.131	0,37
	<u>50.981.093</u>	<u>100,00</u>	<u>66.711.663</u>	<u>100,00</u>

Fjöldi greiðenda

Bsb. Kjalarnesþings	123
Bst. Vesturlands	505
Bsb. Vestfjarða	174
Bsb. Strandamanna	107
Bsb. V-Húnavetninga	178
Bsb. A-Húnavetninga	203
Bsb. Skagfirðinga	324
Bsb. Eyjafjarðar	304
Bsb. S-Þingeyinga	194
Bsb. N-Þingeyinga	81
Bsb. Austurlands	339
Bsb. A-Skaftafellssýslu	83
Bsb. Suðurlands	1.037
	<u>3.652</u>

Alþingi
Erindi nr. P 132/217
komudagur 29.11. 2005

Bændasamtök Íslands
Bændahöllinni v/ Hagatorg
107 Reykjavík

Efni: tillaga LSE að skiptingu búnaðargjalds.

Á stjórnarfundum Landssamtaka skógareigenda þann 17 október sem haldinn var í bókasafni BÍ, var eftirfarandi tillaga samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

“Stjórn LSE samþykkir að leggja til við Bændasamtök Íslands að búnaðargjaldið verði óbreytt 0,8% til búgreinarinnar, 0,35% renni til Bændasamtaka Íslands og 0,05% renni til búnaðarsambandanna. Gjaldið til Bjargráðasjóðs verði felld niður”.

Rétt endurrit staðfestir;

Reynir Ásgeirsson ritari LSE

Landbúnaðarnefnd Alþingis
Vt. Elísabet Rán Andrésdóttir
Austurstræti 8 -10
150 REYKJAVÍK

DAGSETNING

Reykjavík, 1. desember 2005 2005110666

TILVÍSUN

T-ums 13/05

Umsögn um 332. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um búnaðargjald.

Þann 30. nóvember 2005 gekk undirritaður á fund háttvirtrar landbúnaðarnefndar Alþingis að ósk nefndarinnar. Tílefnið var frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 84/1997 um búnaðargjald, þar sem lagt er til að búnaðargjald verði lækkað úr 2% í 1,2% af gjaldstofni. Auk þess sem lagðar eru til breytingar á skiptingu tekna af gjaldinu.


Á fundinum gerði undirritaður f.h. ríkisskattstjóra athugasemd varðandi gildistökuákvæði frumvarpsins og skil yngri og eldri réttar. Af því tílefni fór háttvirtur formaður landbúnaðarnefndar fram á skriflega umsögn ríkisskattstjóra, sem fer hér á eftir:

Ef frumvarpið yrði að lögum óbreytt, yrði við álagningu opinberra gjalda á árinu 2006 lagt 1,2% búnaðargjald á búvöruframleiðendur vegna framleiðslu þeirra á árinu 2005. Því álagða búnaðargjaldi yrði skipt milli Bændasamtaka Íslands, búnaðarsambanda, búgreinasambanda og Bjargráðasjóðs í þeim hlutföllum sem greinir í 2. gr. frumvarpsins. Sú skipting kæmi í stað þeirrar skiptingar, sem fram hefði farið á árinu 2005, á fyrirframgreiðslum upp í álagninguna. Gjald dagar fyrirframgreiðslna vegna búvöruframleiðslu á árinu 2005 eru 1. dagur mánaðanna ágúst til og með desember á því ári. Fyrirframgreiðslur, sem búvöruframleiðendum er gert að inna af hendi á þeim gjalddögum, nema samtals 2% af gjaldstofni ársins 2004. Skipting fyrirframgreiðslnanna á árinu 2005 fer samkvæmt þeim hlutföllum sem tilgreind eru í viðauka við lögum um búnaðargjald eins og þau nú standa. Þar af renna til Lánasjóðs landbúnaðarins um 40%, eða á að giska um 120 milljónir króna. Við endanlega skiptingu gjaldsins að lokinni álagningu á árinu 2006 ætti ekkert að koma í hlut Lánasjóðsins og bæri honum því að skila því fé sem til hans rann við skiptingu fyrirframgreiðslnanna. Það fé gengi til að endurgreiða búvöruframleiðendum mismun endanlega álagðs gjalds (1,2%) og fyrirframgreidds gjalds (2%). Ríkisskattstjóri telur þann hæng þar á að ekkert fé verði að sækja í Lánasjóð landbúnaðarins þar sem sjóðurinn verður lagður niður þann 31. desember 2005, þegar úr gildi falla lög um sjóðinn nr. 68/1997, sbr. ákvæði laga nr. 68/2005 um breytingu á þeim lögum.

Af framangreindum ástæðum og að virtum þeim viðhorfum sem fram komu á áður nefndum fundi háttvirtrar landbúnaðarnefndar, leggur ríkisskattstjóri til þá breytingu á gildistökuákvæði 3. gr. frumvarpsins að tiltekið verði að lögum skuli koma til framkvæmda

við ákvörðun fyrirframgreiðslna á árinu 2006 og við álagningu búnaðargjalds á árinu 2007. Í þeirri tillögu felst að hlutfall búnaðargjalds verði það sama (2%) við álagningu gjaldsins á árinu 2006 og það var við ákvörðun fyrirframgreiðslna þess á árinu 2005. Jafnframt felst í tillögunni að skiptihlutföll álagðs gjalds 2006 og fyrirframgreiðslna á árinu 2005 verði þau sömu, þ.m.t. hlutur Lánasjóðs landbúnaðarins. Ekki kæmi því til þeirra miklu endurgreiðslna sem áður er getið. Engu að síður má telja víst að álagt gjald og fyrirframgreiðslur muni ekki nema nákvæmlega sömu fjárhæð, enda ekki sama tímaviðmið þótt hlutföll verði þau sömu. Því má ætla að mismunur muni koma fram á hlut Lánasjóðs landbúnaðarins milli endanlega álagðs gjalds og fyrirframgreidds. Ríkisskattstjóri telur rétt að í ákvæði til bráðabirgða verði kveðið á um á hvers ábyrgð sá mismunur skuli vera, hvort sem það verður Lífeyrissjóður bænda, sem njóta skal andvirðis af sölu sjóðsins sbr. 1. gr. laga nr. 68/2005, eða ríkissjóður, sem taka skal við réttindum og skyldum sjóðsins sbr. 2. gr. sömu laga.

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra


Sigurjón Högnason

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/332
komudagur 30.11.2005


Samband íslenskr
loðdýraræktenda
Icelandic Fur breeders Association

30.11.2005

Landbúnaðarnefnd Alþingis

Varðar: Skiptingu búnaðargjalds

Tillaga Bændasamtaka Íslands er:

Bændasamtök	0,40%
Búnaðarsambönd	0,15%
Búgreinafélög	0,65%
	<hr/>
	1,20%

Ósk okkar er:

Bændasamtök	0,55%
Búgreinafélög	0,65%
	<hr/>
	1,20%


Greinargerð:

Nú er starfandi landsráðunautur í 90% starfi, Einar Einarsson og er hann starfsmaður Bændasamtakanna. Nokkur síðastliðin ár hafa loðdýrabændur lítið eða nánast ekkert nýtt sér þjónustu búnaðarsambanda eða leiðbeiningarstöðva.

Teljum við því að þau 0,15% sem tillaga Bændasamtakanna gerir ráð fyrir til búnaðarsambanda séu betur komin í hærra framlagi til Bændasamtakanna og starf landsráðunautar því öflugra og markvissara.

Með von um samþykki fyrir þessari breytingu.

Bestu kveðjur


Árni V. Kristjánsson
framkvæmdastjóri SÍL

Hagatorgi
107 Reykjavík
Iceland
Tel.: +354 563 0300
Fax: +354 562 3058